

við frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Iðnfræðsluráð fer með framkvæmda mála, er varða iðnfræðslu og iðnfræðsluskóla, undir yfirstjórn ráðherra.

Iðnfræðsluráð hefur yfirstjórn kennslueftirlits, sér um, að gildandi lögum og fyrirmælum um iðnfræðslu sé hlýtt, og heimtar nauðsynlegar skýrslur um skólahald og verklegt nám. Menntamálaráðuneytið getur falið iðnfræðsluráði fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af.

2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Það skal skipað 9 mönnum, búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Iðnnemasambandi Íslands, einn tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda og einn tilnefndur af Sambandi iðnskóla á Íslandi. Formann skipar ráðherra án tilnefningar.

Iðnfræðsluráð fer með mál, sem greinir í lögum þessum og reglugerð, er ráðherra setur.

3. Við 6. gr.

a. Í stað orðanna „Iðnfræðslustjóri skipar fulltrúa, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs“ í 1. mgr. komi: Iðnfræðsluráð skipar fulltrúa.

b. Í stað orðsins „iðnfræðslustjóri“ á tveim stöðum í 2. mgr. komi: iðnfræðsluráð.

4. Við 7. gr. Í stað orðanna „Iðnfræðslustjóri skipar, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs“ komi: Iðnfræðsluráð skipar.

5. Við 10. gr.

a. Í stað orðsins „Iðnfræðsluskrifstofan“ komi á tveim stöðum: Iðnfræðsluráð.

b. Í stað orðsins „Hún“ í síðasta málslið komi: Það.

6. Við 12. gr. Greinin orðist svo:

Iðnskólar skulu vera einn í hverju kjördæma landsins, þeirra er nú eru, svo og starfandi skólar með minnst 60 nemendum, er lög þessi taka gildi. Skulu skólaumdæmi vera sem hér segir:

1. Vesturlandsumdæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.

2. Vestfjarðumdæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.

3. Norðurlandsumdæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.

4. Norðurlandsumdæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.

5. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.

6. Suðurlandsumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.

7. Reykjanesumdæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.

8. Reykjavíkurborg.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, gert breytingar á skólaumdæmum. Ráðherra ákveður skólasetur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs. Skal að jafnaði ákveða skólasetur þar, sem nemendafjöldi er mestur innan hvers skólaumdæmis.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum iðnfræðsuráðs, hvenær ákvæði 1. mgr. komi til framkvæmda og hverjir núverandi iðnskóla skuli starfa áfram til frambúðar eða fyrst um sinn.

Iðnskólar veita fræðslu nemendum, sem iðnmeistarar og iðnfyrirtæki hafa tekið til iðnnáms samkvæmt lögum þessum, og svo nemendum, er verklegt nám stunda í verknámsskólum eða öðrum skólavinnustöðvum, eftir því sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

7. Við 13. gr.

a. Á eftir 4. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ráðherra skal sjá um, að verknámsskólar einbeiti sér að kennslu í tilteknum greinum og skipti með sér verkum, eftir því sem við verður komið.

b. Í síðustu mgr. falli niður orðin „iðnfræðslustjóra og“.

8. Við 15. gr. Við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Námskeið fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðarins skulu haldin eftir nánari ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum samtaka iðnrekenda og verksmiðjufólks.

9. Við 18. gr.

a. Fyrsta mgr. orðist svo:

Ráðherra setur eða skipar skólustjóra og fasta kennara iðnfræðsluskóla, að fengnum tillögum viðkomandi skólanefndar.

b. Í 2. mgr. falli orðin „iðnfræðslustjóra og“ niður.

10. Við 20. gr. Í stað orðsins „og“ í 2. línu komi: eða.

11. Við 23. gr. Við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Iðnskóli, sem tekur nemanda í nám til sveinsprófs í ákveðinni grein, skal hafa sömu skyldur gagnvart honum sem um meistara væri að ræða, að svo miklu leyti sem við getur átt.

12. Við 39. gr. Orðið „iðnfræðslustjóra“ í 5. lið falli niður.

13. Við 44. gr. Í stað orðsins „Iðnfræðsluskrifstofan“ í síðustu mgr. komi: Iðnfræðsluráð.

14. Við 45. gr. Orðin „iðnfræðslustjóra og“ í síðustu mgr. falli niður.

15. Við 48. gr. Orðin „iðnfræðslustjóra og“ falli niður.